

Efling sveitarfélaga – ný verkefni

Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Austur-Héraðs

Á undanförunum árum hefur, bæði í ræðu og riti, mikið verið fjallað um nauðsyn sameiningar, stækkun og eflingu sveitarfélaga. Færð eru sterk rök fyrir því að efla sveitarstjórnarstigið í þeim tilgangi að treysta sjálfsforræði sveitarfélaga, gera stjórnýslu þeirra markvissari, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði.

En hvað er öflugt sveitarfélag?

Öflugt sveitarfélag hefur sterka og skilvirka stjórnýslu sem stendur undir nútímakröfum, þar sem hægt er að taka skjótar ákvarðanir á faglegum grunni. Öflugt sveitarfélag er það fjölmennt að það hefur burði til að reka öflug fagsvið. Fagsvið sem geta unnið hratt og vel að því að gera mál frambærileg til ákvarðanatöku fyrir sveitarstjórnarmenn og veitt íbúum góða og skilvirka þjónustu. Sveitarfélag sem stendur fjárhagslega undir sér bæði hvað varðar rekstur og fjárfestingar.

Það er því að mínu mati ánægjulegt og tímabært að félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi ákveðið að hefja átak í sameiningarmálum sveitarfélaga og breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ásamt heildarendurskoðun tekjustofna þeirra.

Ég er ein af þeim sem er sannfærð um að öflugasta og brýnasta byggðamálið sé sameining sveitarfélaga og aukin verkefni. Ég veit hins vegar að það eru ekki allir sveitarstjórnarmenn sammála þessu og þar af leiðandi ekki jafn ánægðir með þessa vinnu. Oft eru þessir aðilar frá minni sveitarfélögum sem liggja nálægt þéttbýlissveitarfélagi.

Í forystugrein Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í septemberblaði Sveitarstjórnarmála kemur fram að til þess að góður árangur náist í þessari vinnu verði að koma til gott samstarf við sveitarfélögin og íbúana. Á síðasta fulltrúaráðsfundi kynnti Smári Geirsson reynslu þeirra í Fjarðabyggð af sameiningarvinnu.

Þar lagði hann m.a. áherslu á að við undirbúning sameiningar sé afar brýnt að sveitarstjórnarmennirnir taki skýra og jákvæða afstöðu til sameiningarhugmyndanna. Ef þeir séu ekki tilbúnir til að berjast fyrir sameiningunni sé betur heima setið en af stað farið. Ég deili þessari skoðun með þeim Vilhjálmi og Smára.

Sveitarstjórnarmenn hafa jú verið valdir til forystu í sínu sveitarfélagi vegna þess að fólk treystir þeim til að stjórna sveitarfélaginu og því eðlilegt að fólk fylgi þeim að málum. Auk þess sem víða gengur vel að reka þessi sveitarfélög og íbúarnir eru sáttir við sitt sveitarfélag og vilja halda sínum sveitarstjórnamönnum.

Það er því ærið verkefni sem liggur fyrir sameiningarnefndinni og samstarfsaðilum þeirra við að ná upp þeirri samstöðu og sannfæringu sem þarf meðal sveitarstjórnarmanna ef sett markmið eiga að nást. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr skoðunum eða starfi þeirra sem eru á móti sameiningu en bendi á mikilvægi samstöðunnar í þessari vinnu.

Mikilvægur þáttur sameiningarátaksins og í raun forsenda þess, er endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Á síðasta fulltrúaráðsfundi fjallaði Þórður Skúlason nokkuð ítarlega um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar kom fram að eðlilegast

væri að sveitarfélög önnuðust sem allra mest nærþjónustu við íbúana og taldi upp verkefni sem núna eru hjá ríki og gætu verið hjá sveitarfélögum. Má þar nefna framhaldsskólar, heilsugæsla, öldrunarþjónusta, hjúkrunarheimili, minni sjúkrahús og málefni fatlaðra. Jafnframt taldi hann upp ýmis verkefni frá sýslumönnum, s.s. umboð fyrir Tryggingarstofnun ríkisins, þinglýsingar, leyfisveitingar, erfðaskrár, kaupmálar, giftingar, firmaskráning og hugsanlega löggæsla. Allt eru þetta verðug verkefni og sum þeirra geta fallið vel að ýmsri þjónustu sem sveitarfélögin eru nú þegar að veita sem hlýtur að skila sér í ákveðnu hagræði og bættri þjónustu við íbúa þess. Rökstuddi Þórður ágætlega hvers vegna ætti að skoða tilfærslu þeirra og mun ég því ekki fjalla nánar um þau.

Mig langar hins vegar að fara inn á önnur verkefni á vegum ríkisins sem vert er að skoða. Snúa þau að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði matvæla, heilbrigðiseftirlits og mengunarvarna, svo og vinnueftirlit ríkisins.

Á undanförunum árum hefur eftirlit á vegum opinberra aðila aukist mjög og er það ýmist á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Oft skarast starfsvið þessara aðila og felast allmargir möguleikar við að færa verkefni á þessu sviði frá ríki til sveitarfélaga. Rekstur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hefur verið vaxandi á undanförunum árum. Eftirlitið krefst mikillar fagmennsku og er menntunarstig starfsmanna sem sinna heilbrigðiseftirlitinu nokkuð hátt. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga ætti því að vera vel í stakk búið til að taka fleiri og viðameiri verkefni að sér.

Sú skoðun að ekki fari saman stjórnýsla á æðra stigi og eftirlit á vettvangi er nokkuð algeng og endurspeglast t.d. í því að innan Umhverfisstofnunar hafa verið sett á laggirnar annars vegar stjórnýslusvið sem annast m.a. starfsleyfisgerð og hins vegar eftirlitssvið, sem fer á vettvang og vinnur eftirlitsskýrslur út frá starfsleyfum.

Matvælaeftirlit - Matvælastofnun

Hugmyndir um matvælastofnun hafa mikið verið ræddar. Þar er gerð tillaga um að færa allt matvælaeftirlit sem hefur verið á vegum sveitarfélaganna (heilbrigðiseftirlita) til ríkisins.

Í dag koma sjö ráðuneyti og stofnanir á vegum ríkisins að eftirliti með matvælum, auk héraðsdýralækna og því nauðsynlegt að einfalda aðkomu ríkisins með því að sameina verkefni stofnana á þess vegum í eina ríkisstofnun. Spurningin er hins vegar hvort ekki væri eðlilegt að verkefni Matvælastofnunar ætti að vera gerð reglugerða, starfsleyfisramma og leiðbeininga til að tryggja samræmt eftirlit á vettvangi. Eftirlitið sjálft gæti hins vegar vel verið í höndum heilbrigðiseftirlitsins. Að sjálfsögðu þyrfti heilbrigðiseftirlitið að koma sér upp fagþekkingu á þessum sviðum.

Mengunarvarnir

Á sviði mengunarvarna vinnur Umhverfisstofnun starfsleyfi og fer með eftirlit með ákveðnum tegundum fyrirtækja en Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna vinnur starfsleyfi og fer með eftirlit með annarri starfsemi. Í dag er heimilt er að semja um að heilbrigðiseftirlit fari með eftirlitið fyrir Umhverfisstofnunina. Sem dæmi má nefna að samið hefur verið við Heilbrigðiseftirlit Austurlands um að það fari með eftirlit með sorpförgun og fiskimjolsverksmiðjum á Austurlandi. Hefur sú skipan mála verði til margra ára.

Rétt væri að skoða fleiri verkefni frá Umhverfisstofnun, s.s. eftirlit með fiskeldisstöðvum og allri starfsemi olúfélaganna en hluti eftirlitsins er nú þegar í höndum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga.

En hvað með Vinnueftirlit?

Starfsmenn heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna og Vinnueftirlit ríkisins þurfa að mörgum sviðum að vinna vel saman og því er kjörið að skoða hvort ekki færi vel að fella starfsemi þess að heilbrigðiseftirlitinu.

Flestir eru sammála um að skilvirkast sé að verkefni séu annað hvort eingöngu hjá ríki eða sveitarfélögum.

Ljóst er að á sviði heilbrigðiseftirlits, matvæla og mengunarvarna skarast verkefnin víða. Það er því eðlilegt að við endurskoðun verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sé skoðað hvort þar leynist ekki verkefni sem hægt væri að flytja til eflingar þjónustu á vegum sveitarfélaga.

Ágætu fundarmenn.

Aukin verkefni sveitarfélaga eru mikilvæg rök fyrir sameiningunni. Þarna eru mikil sóknarfæri fyrir sveitarfélögin. Með auknum verkefnum geta sveitarfélög styrkt og eflt ýmsa þjónustu sem nú þegar er rekin af þeim, auk þess sem það leiðir til fjölgunar á störfum og eykur fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins.

Mikilvægast er þó að öll sú vinna sem framundan er skili sér í bættum lífsgæðum fyrir íbúana, auknu lýðræði og öflugri sveitarfélögum.